# Félageldriborgara á Seltjarnarnesi - FEBSEL

## Fundargerð

**Fundarstaður: Félagsaðstaðaeldriborgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5-7**

**Fundartími: 29. ágúst kl. 16.30**

**Mættir: Krístbjörg Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Stefán Bergmann, Þóra Einarsdóttir og Ragnheiður Haraldsdóttir semritaðifundargerð.**

**Fundarefni:**

1. Kristbjörg setur fundinn og fer yfir dagskrá.

2. Undirbúningur fyrri félagsfundar haustsins sem er 19. september er hafinn. Kynning fer á fb síðu okkar og fb síðuna íbúar á Seltjarnarnesi. Kristín Hannesar hefur kynnt fundinn í dreifibréfi um Félags-og tómstundastarf eldri bæjarbúa. Rætt verður við Bókasafnið um kynninguna.
   KÓ ræðir við fulltrúa í bæjarstjórn sem bera ábyrgð á málaflokknum um að mæta og sitja helst fyrir svörum i pallborði.
   Rætt um að fá fyrirlesarann, Pál Líndal til að kynna sér aðstæður hér á Nesinu svo hann geti talað útfrá okkar aðstæðum. Gott að hvetja til hugmyndavinnu og umræðu. T.d. mætti skoða hugmynd sem rædd hefur verið í stjórn FebSel um að tvinna saman líf barna og eldri borgara.
   Töluvert rætt um heppilegustu tímasetninguna og um hvaða veitingar henta útfrá því.
   Skoðað frekar í samráði við Kristínu Arnþórsdóttur í Bókasafninu.

3. Vikulegar göngur hefjast 1. september. Grótta hefur undirbúið þær og hefur m.a. pantað veitingar.

4. Í síðustu viku var fundur í bæjarstjórn þar sem ákveðið var að stefnt skuli að því að við verðum reynslusveitarfélag í verkefni htr. og fjmr. um eldri borgara. Beðið er ákvörðunar ráðuneytanna. Í þessu verkefni er algerlega nauðsynlegt að okkar mati að hg. verði með.

5. Ekki hefur verið boðað til fundar i Öldungaráði en Hildigunnur er í veikindaleyfi.

6. Mikilvægt er að fara vel yfir félagalistann okkar, SÓ heldur sem stendur utan um hann. SÓ mun senda út rukkun til félaga okkar fyrir miðjan september og verður gjaldagi mánuði síðar.

7. Kynning á dagskrá vetrarins hjá Félags- og tómstundaráði verður 31. ágúst kl 15.

8. Næsti fundur verður eftir hálfan mánuð, 12. september kl.16.30.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 17.30**

**RH**